

Sp.

60. Tillaga til þingsályktunar

[54. mál]

um loftpúðaskip.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvort loftpúðaskip muni ekki henta við íslenskar aðstæður til samgöngubóta.

Greinargerð.

Brezkt fyrirtæki, British Hovercraft Corporation Ltd., hefur á undanförnum árum gert allviðtækar tilraunir með smíði á svokölluðum loftpúðaskipum af ýms-um stærðum. Er tilraunum þessum það vel á veg komið, að slík skip hafa nú víða verið tekin í notkun, þ. á m. í Noregi, Danmörku, Skotlandi og víðar, og einnig eru skip þessi í förum yfir Ermarsund, og virðast þau þar hafa gefið allgóða raun. Eru þau aðallega notuð til mannflutninga og einnig til flutninga á fólksbifreiðum og öðrum smærri farartækjum.

Vestmanneyingar hafa að undanförmu nokkuð fylgzt með þróun þessara mála sem hugsanlegri samgöngubót fyrir sig, og hefur þá verið gert ráð fyrir, að slíkt skip gengi yfir sundið milli lands og Eyja, bæði með farþega og einnig með fólksbifreiðar. Kostur við þessi skip umfram önnur er m. a. sá, að þau þurfa engin hafnarmannvirki til að athafna sig við, hvorki við brottför né landingu, ef um sæmilega slétta strönd er að ræða, þar sem þau af eigin vélaafli lyfta sér upp á ströndina og á flot aftur. Einnig má sigla þeim um árósa og upp eftir ám, þótt straumharðar séu, ef aðrar tálmanir eru ekki fyrir hendi. Skip, sem talið er að hentaði bezt til flutninga t. d. milli lands og Vestmannaeyja, er af svokallaðri SRN 6-gerð. Getur það flutt 38 farþega í ferð hvora leið eða tvær fólksbifreiðar af venjulegri stærð ásamt farþegum þeirra. Áætlað verð mun vera um £110 þúsund frá verksmiðju.

Þar sem líklegt má telja, að skip af þeirri gerð, sem hér um ræðir, geti hentað víða um land til samgöngubóta, verður að telja eðlilegast, að ríkisvaldið hafi forgöngu um alla athugun á málinu, og er tillaga þessi af þeirri ástæðu flutt hér á Alþingi.